

Jafnframt því að tjá yður þetta, skal stjórnarráðið mælast til, að þér **134**  
gjörð þær ráðstafanir, sem með þarf, til þess að prestakallaskipun þessi komist **4. des.**  
til framkvæmdar í næstu fardögum, svo og um greiðslu í Kirkjujarðasjóð á inn-  
stæðupeningi umræddra prestakalla.

**Bréf stjórnarráðsins til biskups um notkun utanþjóðkirkjusafnaðar á kirkju og 135**  
**grafreiti þjóðkirkjusafnaðar.** **4. des.**

Með bréfi, dags. 17. f. m., hafð þér, háæruverðugi herra, skotið til úr-  
lausnar stjórnarráðsins eftirfarandi spurningum, sem sóknarnefnd Stokkseyrar-  
sóknar hefir beiðst úrskurðar yðar um:

1. Hvort frikirkjumönnum í Gaulverjabæjarsöfnuði, búsettum innan Stokkseyrar-  
sóknar, beri réttur til að nota grafreit þjóðkirkjunnar á Stokkseyri jafnt  
þjóðkirkjumönnum, og ef svo er
2. hvort frikirkjuprestur Gaulverjabæjarsafnaðar geti heimildarlaust af hálfu  
sóknarnefndar og sóknarprests þjóðkirkjunnar gjört prestsverk fyrir safnaðar-  
menn sína í kirkju og kirkjugarði Stokkseyrar.

Um fyrirspurnir þessar takið þér fram, að þessir utanþjóðkirkjumenn  
innan Stokkseyrarsóknar og forstöðumaður þeirra í Gaulverjabæ eigi að yðar  
áliti engan rétt að lögum til afnota kirkjugarðs og kirkju á Stokkseyri, og verði  
því, ef þeir óska að fá kirkjugarð og kirkju á Stokkseyri til afnota, um það að  
semja við Stokkseyrarsöfnuð og Stokkseyrarprest.

Þessu álitu yðar er stjórnarráðið að öllu leyti samdóma.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari  
birtlingar.

## Erindisbréf

136

30. des.

fyrir umsjónarmann áfengiskaupa.

1. gr.

Umsjónarmaður áfengiskaupa, sem skipaður er samkvæmt lögum nr. 44, 30.  
júli 1909, um aðflutningsbann á áfengi, hefir umsjón og eftirlit með kaupum á  
öllum áfengum drykkjum, sem fluttir eru til landsins frá útlöndum samkvæmt  
tédum lögum. En það telst áfengur drykkur, sem í er meira en  $2\frac{1}{4}\%$  af vin-  
anda (alkóhóli) að rúmmáli. Duft, kökur og annað er þau efni eru í, sem sund-  
ur má leysa í vökva, og í sér hafa fólgið slíkt áfengi, skal fara með sem áfeng-  
an drykk.